

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 vegna Rjúkandavirkjunar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 15. mars 2012 breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, sem samþykkt var í bæjarstjórn Snæfellsbæjar 2. febrúar 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 16. febrúar 2012.

Breytingin felst í að á þéttbýlisuppdrátt er færð inn lega lóns og þrýstipípu vegna Rjúkandavirkjunar og lega þrýstipípu á dreifbýlisuppdrátt. Svæðum O13 og O15 fyrir þjónustustofnanir er breytt í iðnaðarsvæði og lega þeirra og þjónustuvegar er lagfærð til samræmis við loftmyndagrunna.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 15. mars 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.